



Innkaupa og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Útboð nr. 15867 Kaup á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg

Tilboð í ofangreindu útboði Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar voru opnuð þann 8. ágúst 2023. Útboðið var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Boðin voru út kaup á þrem sorphirðubifreiðum. Ástæða kaupa er nauðsynleg endurnýjun vegna aldurs og aukin umsvif vegna fleiri flokka sem sérsafna þarf við heimili. Allar bifreiðarnar eru knúnar metani.

Eitt fyrirtæki skilaði inn tilboði:

Klettur – sala og þjónusta ehf.

Tilboðsfjárhæð samtals: 212.085.410,- kr. m. vsk.

Kostnaðaráætlun Umhverfis- og skipulagssviðs var 190.000.000,- kr. m. vsk.

Innkaupaskrifstofa hefur framkvæmt skoðun á fjárhag Kletts - sölu og þjónustu ehf. og staðfest að fyrirtækið hefur staðist skoðun. Skrifstofa umhverfisgæða hefur yfirfarið tæknilegar kröfur útboðsins. Niðurstaðan er að boðnar sorphirðubifreiðar samræmist útboðsgögnum. Lagt er til að tekið verði tilboði Kletts - sölu og þjónustu ehf.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða